

Skemmtileg ferð



Hulda Karen Daníelsdóttir formaður Þjóðræknisfélagsins, Valgeir Þorvaldsson framkvæmdastjóri Vesturfarasetursins og Hrannar Björn Arnarsson formaður Norræna félagsins

Árið 2002 stofnuðu Þjóðræknisfélag Íslendinga og Norræna félagið sjálfseignarstofnunina Snorrasjóð sem rekur Snorraverkefnin. Megintilgangur sjóðsins er að standa að undirbúningi og framkvæmd Snorraverkefnanna, en þar sem COVID hefur komið í veg fyrir framkvæmdir sl. tvö ár, var ákveðið að ferðast innanlands með hóp íslenskra ungmenna, þátttakenda í Snorri West verkefninu, sem ekki komst utan sumarið 2020. Eldri Snorrrar, þátttakendur í Snorraverkefnum á árum áður, tóku einnig þátt ásamt fleiri áhugasömum, en í hópnum voru alls 17 ferðalangar. Ferðast var frá Reykjavík til Hofsóss 4. júní og gist þar í tvær nætur. Fjölmarginir áhugaverðir staðir í Skagafirði og nágrenni voru heimsóttir og það er gaman að segja frá því að allir þátttakendur fengu í hendur skjal með upplýsingum úr gagnagrunni Icelandic Roots um skyldleika hver við annan.

Frekari upplýsingar um Snorrasjóð og Snorraverkefnin er að finna á heimasíðu sjóðsins, <http://www.snorri.is> og á samfélagsmiðlum undir nafninu @thesnorriprograms.

ÞFÍ fréttir

Þjóðræknisfélagið úthlutaði nýlega tveim styrkjum til skóla sem ætla að fjalla um Vestur-Íslendinga á einn eða annan hátt í starfi sínu með nemendum. Skólarnir sem um ræðir eru Landakotsskóli og Framhaldsskólinn á Laugum.

Þjóðræknisþingið verður haldið sunnudaginn 21. nóvember 2021, kl. 14.00 -16.35 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, en því hefur verið frestað í nokkur skipti vegna COVID. Dagskráin sem er að vanda fjölbreytt er á baksíðu þessa fréttabréfs. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á þingið og taka með sér gesti. Aðgangur er ókeypis.

Ásta Sól

Þann 23. september sl. heiðraði Þjóðræknisfélag Íslendinga Ástu Sól Kristjánsdóttur fyrir farsælt starf sem framkvæmdastjóri félagsins á árunum 2006-2019. Við sama tækifæri heiðraði Snorrasjóður hana fyrir frumkvöðlastarfið sem hún innti af hendi þegar hún var verkefnastjóri Snorraverkefnanna á árunum 2000-2019. Myndin af Ástu Sól var tekin við það tækifæri.



Björn Jónsson, læknir og fræðimaður í Swan River 21. maí 1920 – 19. febrúar 1995

Gísli Sigurðsson



Björn Jónsson

Björn Jónsson frá Sauðárkróki fór skömmu eftir stríð frá Íslandi til Kanada að fullnuma sig í læknisfræði. Hann starfaði síðan við þá grein í Swan River, langt norðan við helstu landbúnaðarhéraðið og Íslendingaslóðir í Manitoba, uns hann þurfti að láta af opinberum störfum—og hætta að fljúga—vegna heilsuþrestra. Það var þá sem hann helkti sér út í fornfræðarannsóknir sem munu lengi halda nafni hans á lofti. Stjörnubjartur himinninn yfir Swan River er svipaður og á sunnanverðu Írlandi—sem þýðir að Björn sá lengra suður á himninum en við gerum hér á Íslandi og gat þannig gert sér grein fyrir samhenginu sem liggur rétt handan við okkar ystu sjónarrönd. Þeirri hugmynd laust ofan í hann að í Gylfaginningu Snorra Eddu væri verið að lýsa þessum himinhvolfi; alls staðar sem Snorri nefndi að fyrirbærin sem hann lýsti væru „á himni“, þ.e. staðirnir og salirnir, askur Yggdrasils, bústaðir goðanna og goðmöggnir sjálf: Sól, Máni, Týr, Óðinn, Þór, Freyja/Freyr og Loki, væri eðlilegast að horfa beint til himins í leit að þessum fyrirbærum með augunum einum saman. Þá sæjum við svipaða mynd og Snorri þegar hann lá með lærisveinum sínum í heita pottinum í Reykholti og sagði þeim sögur af því

að yfir himninum væri mikill askur, hvítur og gagnsær eins og himnan innanvið eggjaskurnina sem við köllum skjall. Litinn fengi askurinn af hvíta aurnum sem örlaganornirnar Urður, Verðandi og Skuld jysu í sífellu yfir hann... Og að þessi hvítleiti og gagnsæi askur á himninum væri það sem við segðum vera Vetrarbrautina.

Af þessari frumlegu snilldarsýn spratt ný heildartúlkun á allri norrænu goðafræðinni sem biður þess ennþá að fræðimenn taki hana til kostanna í einstökum atriðum þótt því verði ekki lengur á móti mælt að grunnhugmynd Björns stenst fullkomlega: Þegar Snorri vísar til fyrirbæra „á himni“ þá er hann bókstaflega að tala um það sem þar má sjá með berum augum.

Ég var svo lánsamur að kynnast Birni þegar ég kom til náms í Winnipeg veturinn 1981-82. Þá var hann að halda fyrirlestra um hugmyndir sínar í boði stjörnufræði- og íslenskudeildar háskólans—þar sem Haraldur Bessason var ennþá prófessor. Þegar Haraldur fór heim til Íslands að taka við rektorsstarfinu við hinn nýstofnaða háskóla á Akureyri kenndi ég fyrir hann vestra á vormisserinu 1988 og kynntist Birni þá betur. Hann bauð mér og Guðrúnu konu minni til sín norður til Swan River þar sem hann og fjölskylda hans tóku á móti okkur með kostum og kynjum; Björn lét okkur prófa innisundlaug sína, smyrja hendurnar með hænsnafeiti og taka hjólatúr um bæinn áður en fór að skyggja svo hann gæti byrjað að sýna okkur stjörnurnar. Daginn eftir brunuðum við í sumarhús þeirra hjóna við nærliggjandi vatn, hjuggum í eldinn, felldum nokkur tré, rerum á kanó, hjóluðum enn meira, heilsuðum upp á nágranna og þömbuðum kaffi; allt á meðan við biðum eftir því að það yrði eins niðadimmt og það getur bara orðið úti í hinum víðáttumiklu óbyggðum Kanada—til þess að geta aftur byrjað að skoða stjörnurnar og tengja þær við goðsögurnar!

Mér þótti öll þessi hugmynd fjarstæðukennd í fyrstu, enda gjörólík því sem mér hafði verið kennt og ég hafði lesið í þeim bókum um goðafræði sem ég hafði kynnt mér. Sjálfur hafði Björn nokkrum árum áður farið á fyrstu alþjóðlegu ráðstefnuna um það sem kallast ethno-astronomy á vegum Smithsonian stofnunarinnar í Washington D.C. og kynnt hugmyndir sínar þar. Hann átti ennþá eftir að skrifa skáldsöguna

og endurminningar sínar og ekki síst bókina Stjarnvísi í Eddum (Star Myths of the Vikings á ensku). Ég var því stöðugt að krefja Björn um eitthvað sem gæti stutt þessar hugmyndir hans, helst einhverja miðaldatexta sem færðu okkur heim sanninn um að menn í Evrópu hefðu fram eftir öldum vitað um tengsl goðsagna við himinhvolfið eins og var alsíða hjá forn-Grikkjum og Rómverjum. Aldrei fékk ég neitt áþreifanlegt frá Birni um það.

Leið nú og beið til vormisserins 1995 að ég fór í rannsóknarleyfi til Freiburg í Þýskalandi. Björn hafði í millitíðinni komið nokkrum sinnum til Íslands, við hittumst oft, ekki síst vegna þess að Geirlaug dóttir hans bjó fyrir neðan föður minn á Meistaravöllum í vesturbæ Reykjavíkur og Björn sendi mér stundum ljósrit af greinum og því sem hann var að fást við. En aldrei fékk ég þær sannanir sem ég var að biðja hann um. Seinni partinn í febrúar verður mér ráfað meðfram hillunum í klassísku deild háskólabókasafnsins í Freiburg og sé þá hvar lítið kver stendur hálf útúr hillu: Bæklingur um sýningu á myndskreyttu handriti frá dögum Karlamagnúsar (nú varðveitt í Leiden í Hollandi) með klassísku kvæði Germanicusar

Caesars, sem hann hafði ort eftir Phainomena Aratos frá Soloi og byggði á þeirri hugmynd að himinhvolfið væri vettvangur goðsagna. Þarna voru litmyndir af goðmögnum felldar inn í stjörnukort á hverri síðunni á fætur annarri, ásamt viðeigandi goðsögum í bundnu máli. Þarna var komið handritið sem ég hafði alltaf verið að biðja Björn um að benda mér á svo ég sá að nú væri ekkert undanfæri að taka hugmyndir hans alvarlega og rannsaka þær betur—sem ég hef svo gert síðan, haldið fyrirlestra víða og birt ýmsar greinar og bókarkafla um þetta efni.

Nema hvað, daginn eftir barst mér þykkt umslag með greinum sem Björn hafði sent mér frá Kanada, og tveimur dögum síðar datt bréf innum lúgna frá Haraldi Bessasyni með þeim sorgartíðindum að vinur okkar Björn Jónsson hefði orðið bráðkvaddur eftir góðan dag á skiðum í grennd við sumarhús fjölskyldunnar í Manitoba. Og þá blasti við mér að það hafði orðið hans fyrsta verk í hinu lífinu að fljúga yfir hafið og fara rakleitt í klassíska bókasafnið í Freiburg til að draga þar út bók fyrir mig að lesa—sem átti eftir að snarsnúa grundvallarviðhorfum mínum til allra okkar fornsagna.



Bækur eftir Björn Jónsson

Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi 2021

Dr. Katelin Parsons

Verkefnið Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi heldur áfram með breyttu sniði. Í heimsfaraldrinum hefur ekki verið hægt að skjótast á milli landa og landshluta og því þurfti að gera hlé á söfnunarferðum. Í ferðum á árabílinu 2015–2019 náðist hins vegar að taka yfir 30.000 stafrænar myndir af handritum og öðrum frumgögnum á íslensku sem hafa varðveist í Kanada og Bandaríkjunum. Þessar dýrmætu myndir verða varðveittar í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Við höfum fengið leyfi fyrir birtingu langflestra myndanna og stefnt er að því að opna gagnagrunn fyrir nemendur, fræðimenn og aðra áhugasama um sögu vesturfara árið 2023.

Skráning á myndunum stendur nú yfir og við höfum fengið styrki frá ríkinu og Landsbankanum til þess að leggjast í það mikla verk að gera safnið leitarbært. Með því móti verður hægt að leita að einstökum vesturförum, skáldum og stöðum í þessu stóra safni.

Svavar Gestsson, sem féll frá í byrjun þessa árs, átti stóran þátt í að gera þetta verkefni að raunveruleika árið 2015. Hann var ötull stuðningsmaður verkefnisins sem formaður heiðursráðs Þjóðræknisfélagsins og það er að miklu leyti honum að þakka að það tókst að hefja svo víðtæka og öfluga stafræna söfnun á íslenska handritaafinnum í Norður-Ameríku. Þessi stuðningur verður seint fullþakkaður.



Katelin Parsons

Í apríl á þessu ári var haldinn skemmtilegur fræðslufundur um Í fótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi á vegum INLUS. Nú í faraldrinum beinum við kröftum okkar aðallega að skráningu mynda en það er velkomið að hafa samband við mig sem verkefnisstjóra verkefnisins (katelin@hi.is). Við tökum með ánægju á móti stafrænum myndum og upplýsingum um handrit, bækur og bréf vesturfara.

Katelin Marit Parsons er nýdoktor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Spennandi dagskrá hjá INLNA

INLNA gefur út dagatal fyrir árið 2022 undir yfirskriftinni Majestic Reykjavík. Dagatalið skartar ljósmyndum frá Reykjavík sem meðlimir félagsins hafa góðfúslega lagt af mörkum. Dagatalið er prentað í 1.000 eintökum en um 800 eintök eru send til klúbba á vegum INLNA og annarra sem tengjast félaginu. Stuðningsaðilar INLNA fá einnig dagatöl í þakk-lætisskyni og ÞFÍ fær sérstakar þakkir fyrir stuðninginn í ár. Dagatölin sem eftir verða eru seld í gegnum vefsíðu INLNA, www.inlofna.org.

INLNA hefur skipulagt ferð til Vestfjarða 22.-29. ágúst 2022 í samstarfi við Snæland Travel. Auk þess sem þátttakendur munu

njóta fegurðar og fjölbreytileika Vestfjarða verður farin ferð um Gullna hringinn og stansað við helstu náttúruperlur á leiðinni. Nánari upplýsingar um ferðina má finna á <https://inlofna.org/inlna-2022-tour>. Ferðatíminn var sérstaklega valinn með það í huga að þátttakendur ættu möguleika á að koma til Reykjavíkur nokkrum dögum áður en ferðin hefst og taka þátt í Menningarnótt og ársþingi ÞFÍ.

INLNA Reads leshringurinn hefur tekið til starfa á ný og til stendur að halda þrjá fundi að þessu sinni. Hópurinn hittist á Zoom-fundi 26. september og fjallaði um bókina Heiðu eftir Steinunni Sigurðardóttur og Heiðu Ásgeirsdóttur.

Áður hafði hópurinn t.d. fjallað um bókina Burial Rites eftir Hannah Kent með þátttöku hvorki meira né minna en 50 manns. Það er því full ástæða til að ætla að INLNA Reads eigi framtíðina fyrir sér.

Bev Arason-Gaudet



Facebook

Við viljum vekja athygli á því að Þjóðræknisfélagið er að sjálfsgöðu á Facebook og það á tveim stöðum.

Annars vegar er um að ræða síðu (oft kallað like-síða þar sem betra orð vantar) þar sem félagið setur inn tilkynningar, greinar og annað sem gæti vakið athygli fylgjenda. Slóðin á þá síðu er

<https://www.facebook.com/IcelandicNationalLeague>

Hins vegar er um að ræða hóp, sem þýðir að í stað þess að láta sér bara líka við síðuna getið þið gerst aðilar að síðunni og þannig sett sjálf inn efni, tekið þátt í umræðum og annað slíkt. Slóðin á hópinn er

<https://www.facebook.com/groups/ThjodraeknisfelagIslendinga>

Sennilega er best að skýra muninn þannig að í hópnum eruð þið þátttakendur en á síðunni eruð þið fylgjendur.

Við hvetjum ykkur til þess að fylgja síðunni og gerast þátttakendur í hópnum ef þið hafið ekki þegar gert það.

Leiðrétting

Í síðasta fréttabréfi ÞFÍ misritaðist nafn höfundar greinarinnar Snorri West reynslan mín. Höfundurinn heitir Karítas Hrundar Pálsdóttir.

Saga vesturfara

vekur áhuga nemenda

Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir



Á haustönn 2020 var kenndur nýr áfangi í íslensku við Framhaldsskólann á Laugum um vesturferðir Íslendinga með áherslu á vesturíslensku. Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir íslenskukennari hefur haft veg og vanda af því að móta þennan áfanga í námskrá með áherslu á að nemendur kynnist vesturíslensku og samfélagsbreytingum sem áttu sér stað í lok 19. aldar fram til okkar daga. Lögð var áhersla á hvernig málnotkun og orðaforði íslenskunnar þróaðist hið vestra í ensku málumhverfi. Námið var mjög fjölbreytt og verkefnavinna skapandi. Unnið var með ógrynni af heimildum víðs vegar að, beint frá Kanada, af netmiðlum eða úr hinum ýmsu bókum og ritum. Góðum tengslum var komið á milli aðila í Kanada og nemenda þar sem ýmiss konar efni barst okkur og má þar helst nefna heimsókn í New Iceland Heritage Museum með aðstoð netmiðla. Einnig bárust upptökur frá Vestur-Íslendingum með æskuminningum þeirra í nýju landi þar sem m.a. kom fram að kúrennukökur, pönnukökur, kleinur og vínartertur voru bornar fram á jólum að hætti forfeðra þeirra sem námu land í Kanada. Um miðja önnina bökuðu nemendur vínartertuna, þjóðarrett Vestur-Íslendinga í nær 150 ár, sem vakti mikla lukku. Haldið

var hátíðlegt kaffiboð í skólanum þar sem borin var fram vínarterta fyrir 100 manns í tilefni þess að 145 ár voru liðin frá því að fyrsti Vestur-Íslendingurinn fæddist í Kanada (White Rock), þann 21. október 1875.

Í áfanganum voru um 20 nemendur sem unnu mjög ólík verkefni. Má þar nefna bakstur og myndband um vínartertuna, veggspjöld með ýmiss konar viðfangsefnum, glærukynningar, bæklinga, lesið leikverk eftir Guttorm J. Guttormsson, frásagnir af skáldkonum, prentað veggspjald um íshokkilið þar sem 5/7 voru Vestur-Íslendingar sem fóru á ólympíuleikana í upphafi 20. aldar, Zoom-fund þar sem fjórir nemendur fjölluðu um Vonir eftir Einar Kvaran, einnig ýmsar frásagnir af einstaklingum sem fóru frá Íslandi og gekk misvel að fóta sig í nýju landi. Auk þess má minnst á að einn nemandi kom með teikningar af „kafara“ sem var verkfæri er var notað til að stunda veiðar á ís en þær bárust frá Vestur-Íslendingum hingað til lands í lok 19. aldar. Einn nemandi kaus að skrifa skálduð bréf milli einstaklinga á Íslandi og í Kanada með tilurð „kafarans“ að viðfangsefni og unnið var veggspjald með teikninguna. Af þessu má sjá að afurðir í þessum áfanga voru eins ólíkar og þær voru margar.

Mikil vinna var lögð í námsefnið, margfalt meiri en ætlast var til í upphafi annar sem rekja má til áhuga nemenda á viðfangsefnum sem þeir höfðu ekki kynnst áður. Því má bæta við að hópúr útskriftarnema sem voru í þessum áfanga bar fram þá ósk til mín að kannski gætum við farið saman til Kanada á 10 ára útskriftarafmæli þeirra. Hver veit nema af því geti orðið.

Í samskiptum við Vestur-Íslendinga og Þjóðræknisfélag Íslendinga höfum við fengið lof fyrir áhuga á sögu Vestur-Íslendinga og það vakti einnig ánægju þegar okkur barst nú á vordögum bréf frá Kanada með frétt sem birtist í Lögbergi – Heimskringlu um vínartertuna og áfangann: Icelandic students learn about the emigration and vínarterta. Þess má einnig geta að kennara hafa borist ýmis rit frá Vestur-Íslendingi til að fræða okkur enn frekar um sögu þeirra og líf í Vesturheimi fjarri heima-byggðum forfeðra sinna. Ég vil að lokum þakka Þjóðræknisfélagi Íslendinga fyrir einstaka velvild við vinnslu þessa áfanga.





Þjóðræknisþing

Icelandair Hotel Reykjavík Natura sunnudaginn 21. nóvember 2021, kl. 14.00 -16.35

DAGSKRÁ

14.00	Setning	Hulda Karen Daniélsdóttir, formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga
14.10	Ávörp	Jeannette Menzies, sendiherra Kanada á Íslandi
14.15		Michelle Yerkin, varasendiherra Bandaríkjanna á Íslandi
14.20		Guðrún Nordal, formaður heiðursráðs PFÍ
14.30		Stefan Jonasson, forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi
14.35		Dianne O'Konski, forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Bandaríkjunum
14.40	Erindi	Saga Vestur-Íslendinga vekur áhuga framhaldsskólanema. Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir, framhaldsskólakennari
15.00	Kaffihlé	Kaffi og meðlæti í boði Þjóðræknisfélagsins
15.20	Erindi	Ný vefsíða: Vesturfarar.is. Jónas Thor, sagnfræðingur
15.40		Fæddur til að fækka tárúm. KÁINN: Ævi og ljóð. Jón Hjaltason, sagnfræðingur
16.00		Snorrasjóður. Pála Hallgrímsdóttir og Jody Arman-Jones
16.15		Leiklist Vestur-Íslendinga. Magnús Þór Þorbergsson, leiklistarfræðingur
16.35	Pingslit	

Pingstjórar:

Guðrún Ágústsdóttir, fyrrverandi forseti borgarstjórnar
Hjálmar W. Hannesson, fyrrverandi sendiherra

Stjórn PFÍ

Formaður	Hulda Karen Daniélsdóttir
Fráfarandi formaður	Hjálmar W. Hannesson
Stjórnarmenn	Erin Jones, Gísli Sigurðsson, Jón E. Gústafsson, Sigurður Rúnar Jónmundsson, Soffía Óskarsdóttir, Þorvarður Guðlaugsson
Varamenn í stjórn	Kristín M. Jóhannsdóttir, Sandra Björg Ernudóttir, Þórður Bjarni Guðjónsson
Fulltrúar frá Vesturheimi	Bev Arason-Gaudet, Dianne O'Konski